

#### **442. fundur framkvæmdanefndar búvörusamninga, 22. júlí 2020, í fjarfundarbúnaði.**

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn: Elísabet Anna Jónsdóttir formaður, Arnar Freyr Einarsson ANR, Gunnar Þorgeirsson formaður BÍ, Arnar Árnason formaður LK, Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri SG.

Eftirfarandi var tekið fyrir samkvæmt dagskrá:

##### **1. Hámarksverð á greiðslumarki mjólkur.**

Tekin var fyrir sameiginleg tillaga Bændasamtaka Íslands og Landsambands kúabænda um hámarksverð greiðslumark mjólkur. Lagt er til að sett verði hámarksverð á markaði með greiðslumark mjólkur sem nemur þreföldu lágmarksverði mjólkur til bænda eða 294 kr./ltr. Fram kom í þeim rökstuðningi sem tillögunni fylgdi að ljóst sé að bændur vilji hafa hámarksverð á markaði og skipti þar stöðugleikinn mestu máli svo hægt sé að vinna rekstraráætlanir. Með vísan til þess rökstuðnings sem lagður er fyrir nefndina er samþykkt að leggja til við ráðherra að sett verði 294 kr./ltr. hámark á jafnvægisverð markaðar með greiðslumark mjólkur frá og með þeim markaði sem fram fer þann 1. september 2020 og fram að næstu endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar árið 2023.

Formaður gerir tillögu um næsta fundartíma í tölvupósti.

Fleira ekki tekið fyrir.